

3. gr.

Aksturskostnaður vegna ferða eftirlitsmanns, sbr. 1. og 2. gr., skal greiðast af hlutaðeigandi umráðamanni búfjár. Kostnaður pr. ekinn km miðast við gjald sem ákveðið er af ferðakostnaðarnefnd fjármálaráðuneytisins.

4. gr.

Þurfi að leita dómsúrskurðar til að tryggja eftirlitsaðilum aðgang að gripahúsum, sbr. 15. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl., skal hlutaðeigandi umráðamaður búfjár greiða gjald sem nemur kr. 10.000 í hverju úrskurðarmáli.

5. gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku skv. 1., 2. og 3. grein.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 4. mgr. 10. gr. laga um búfjárhald o.fl., nr. 103/2002 og tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 11. maí 2005.

Guðni Ágústsson.

Atli Már Ingólfsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Álftanesi.

Breiðamýri og norðanvert Sviðholt.

Bæjarstjórn Álftaness samþykkti þann 10. maí 2005 breytingu á deiliskipulagi við Breiðumýri og á norðanverðu Sviðholti á Álftanesi.

Breytingin felur í sér að tólf parhúsálóðum við Klukkuholt, Lyngholt og Muruholt, fjórum við hverja götu, er breytt í 18 raðhúsálóðir, sex við hverja götu. Átta einbýlishúsálóðum við Klukkuholt er breytt í sextán raðhúsálóðir. Auk þess er reiðstígur merktur meðfram Suðurnesvegi.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Álftanesi, 18. maí 2005.

Gunnar Valur Gíslason bæjarstjóri.